

vísað frá yfirdóminum, ekki tekin til greina, en að veita hinum stefnda frest til að færa fram sannanir til stuðnings rjettarkröfu, sem hann þegar hefur lagt undir dóm eða úrskurð, getur ekki verið umtalsmál.

Að því er aptur snertir aðalkröfu áfrýjandans, þá verður yfirdómurinn að adhyllast þá skoðun, að engin sönnun sje framkomin fyrir því, að lögleg sáttatilraun hafi farið fram í málinu, því áritunin á sáttakæruna, sem hljóðar þannig: „Þareð sátt komst ekki á framanritað málefni, visast því til landslaga og rjettar. p. t. Stóruseilu 28. októbermán. 1882. E. Gottskáلكsson. F. Halldórsson“, ber alls ekki með sjer, að nein sáttatilraun hafi farið fram fyrir hlutaðeigandi sáttanefnd, eins og fyrirskipað er í tilskip. 20. jan. 1797, 28. gr., nje heldur, hvort máls-partarnir hafi mætt eptir fyrirkallinu.

Samkvæmt þessu ber ex officio að vísu máli þessu frá undirrjettinum, og virðist málskostnaður fyrir báðum rjettum eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu visast frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.—

Nr. 2/1884

Þorsteinn sýslumaður Jónsson
gegn

Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í gestarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 3. dag nóvembermán. f. á., var áfrýjandi þessa máls, sýslumaður Þorsteinn Jóns-

son, dæmdur til að greiða hinum stefnda, Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni, 1094 kr. 36 a. með 5% ársvöxtum frá því mál þetta var lagt til sætta unz borgun fer fram og 100 kr. í málskostnað. Á hinn bóginn er hinn stefndi með sama dómi skyldaður til að greiða áfrýjanda 293 kr. 30 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Þessum dómi hefur Þorsteinn sýslumaður Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 9. janúmán. þ. á., og krafizt :

- 1., Að málskostnaður fyrir gestarjettinum verði látinn falla niður,
- 2., að borgun fyrir sýslustjórn hans 1878 og 1879 og þingaferðir þá verði dæmd sjer með 300 kr.,
- 3., að upphæð sú, sem honum samkvæmt gestarjettardómnum beri að greiða, 1094 kr. 36 a., verði færð niður í 1093 kr. 36 a.,
- 4., að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með 60 krónum, eða einhverju hæfilegu eptir mati yfirdómsins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að 1094 kr. 36 a. sjeu færðar niður í 1093 kr. 36 a., og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með 60 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. —

Mál þetta er risið út af því, að hinn stefndi, sýslumaður Stefán Bjarnarson, taldi sjer vangoldnar af áfrýjanda, sýslumanni Þorsteini Jónssyni, af tekjum þeim af Árnessýslu, er hinn síðar nefndi átti að greiða hinum fyr nefnda vorið 1879, þá er hann skilaði af sjer sýslu þessari til hins stefnda, þær 1094 kr. 36 a.,

sem honum eru dæmdar með gestarjettardómnum, en áfrýjandi þóttist aptur eiga heimtingu á borgun fyrir að reka sýsluna frá 6. nóvbr. 1878 til 24. júní 1879. Eins og málinu nú er komið fyrir flutning málsins, virðist engin þörf á að skýra nánara frá málavöxtum. Málspartarnir eru sem sje á eitt sáttir um það, að upphæð sú, sem áfrýjandanum samkvæmt gestarjettardómnum ber að greiða hinum stefnda 1094 kr. 36 a., eigi að færast niður í 1093 kr. 36 a. — Að því snertir upphæð þá, sem hinum stefnda er gjört að greiða áfrýjanda fyrir rekstur sýslunnar um áður nefndan tíma, virðast málspartarnir einnig að vera samdóma, nema hvað áfrýjandi heimtar 300 kr. fyrir það, en gestarjettardómurinn aðeins hefur ákveðið, að hann skyldi fá 293 kr. 30 a. — En yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að þessi upphæð sje eptir atvikum rjett sett 293 kr. 30 a., og er þá einungis eptir að kveða á um málskostnaðinn, en hann virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður bæði fyrir undir- og yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, sýslumaður Þorsteinn Jónsson, á að greiða hinum stefnda 1093 kr. 36 a., með 5% vöxtum frá 9. ágúst 1883 til borgunardags. Hinn stefndi, sýslumaður Stefán Bjarnarson, á að greiða áfrýjanda 293 kr. 30 a. með 5% vöxtum frá 31. ágúst 1883 og þangaðtil greitt verður. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.